

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 119

14. júní 2022

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í fjarfundi þriðjudaginn 14. júní 2022 kl. 12:00. Mættir: Flosi Sigurðsson, Helena Guttormsdóttir, Helgi Haukur Hauksson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.

Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson

1. Fundur settur og fundargerð fyrri fundar borin upp til samþykkt

Formaður stjórnar setti fundinn. Engar athugasemdir bárust við fundargerðir fyrir fund 118 og var hún samþykkt samhljóða.

2. Ákvörðun um laun stjórnar MB

Stjórn MB leggur til að laun stjórnarmanna MB séu í samræmi við almenna launaþróun hjá starfsmönnum MB, sem er í kringum 3,5% síðastliðið ár. Rætt um að mörkuð sé stefna um launaþróun stjórnar og lagt til að gerð verði tillaga um slíkt á aðalfundi MB.

Þar sem stjórn tekur ekki ákvörðun sjálf um laun sín né málefni því tengdum, er ofangreindar tillögur sendar til ákvarðanatöku á aðalfundi MB.

3. Kosning endurskoðanda

Stjórn MB leggur ekki til breytingar á endurskoðendastofu sem er Endurskoðun og ráðgjöf ehf. Þó er lagt til að með nokkurra ára millibili sé gerð verðkönnun meðal endurskoðendafyrirtækja.

4. Nemendagarðar MB

Skólameistari fór yfir gang mála með stöðu á uppbyggingu nemendagarða fyrir MB. Verið er að vinna að hönnun hússins, og samhliða þeirri vinnu er verið að vinna kostnaðarmat á byggingarkostnaði og skiptingu á matshlutum. Stjórn MB tekur vel í þær hugmyndir að Nemendagarðar MB ehf leiti til síns endurskoðunarfyrirtækis og óski eftir að gerð verði rekstraráætlun fyrir framtíðar nemendagarða.



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

5. Kvika – ráðning starfsmanna

Sjö formlegar umsóknir bárust um stöðu umsjónarmanns Kviku. Skólameistari og Signý Óskarsdóttir vekrefnastjóri annast ráðningarferlið. Stefnt er á að ákvörðun verði tekin í lok næstu viku (25. júní) og að ráðningin verði tilkynnt formlega þá.

6. Starfsmannakönnun Hagvangs

Skólameistari fer yfir niðurstöður starfsmannakönnunar Hagvangs. Almennt eru niðurstöður mjög góðar, en gildi fara þó lækandi frá síðustu könnun. Tekið skal fram að gildi eru mjög há.

Í könnuninni eru vísbendingar um að gera þurfi átak í starfsþróun við skólann. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar MB er áætlað að kynna hugmyndir um að bæta þennan lið í daglegu starfi skólans.

7. Önnur mál

- a) Skólameistari fór yfir stöðu mála í skólaþróunarverkefninu. MB hefur fengið styrki úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands 2,5 mkr, Lýðheilsusjóði 300 þúsund krónur og Þróunarsjóður námsgagna 2 mkr sem er mjög jákvætt. Úthlutað verður úr Lóu en sú úthlutun fer fram síðar í sumar og MB sendi umsókn þar inn. Viðræður standa yfir við sveitarfélagið Borgarbyggð um samstarf við MB um Kviku.
- b) Inntaka nemenda. Nú eru 145 nemendur skráðir í nám við MB á komandi skólaári, og þar af eru 32 skráðir í fjarnám. Staðnemum hefur fjölgað á milli ára.
- c) Rætt um verkefnið Astrid á vegum hönnunarstofunnar Gagarín. Astrid er hugsað fyrir 10. bekk grunnskóla og er gagnvirkt margmiðlunarverkefni sem er ætlað til vitundarvakningar í umhverfismálum. Áhugavert að skoða hugsanlegt samstarf á milli MB og þessa verkefnis, sérstaklega við mótum STEAM greinanna.
- d) 119. fundur stjórnar MB er síðasti fundur Helenu Guttormsdóttur sem setið hefur í stjórn síðan 2018. Er Helenu þakkað ánægjulegt samstarf í þágu skólans.

Fleira var ekki gert og lauk fundi klukkan 13:00.